

- Morgunráðstefna 7. desember -

Hvernig má hagnast á stöðlum og staðlastarfi?

Hvernig geta lítil og meðalstór fyrirtæki bætt hag sinn með notkun staðla og þátttöku í staðlastarfi? Það verður umfjöllunarefnið á stuttri ráðstefnu á Grand Hótel þann 7. desember. Ráðstefnan byrjar kl. 9 og endar með hádegisverði kl. 12:20. Forsvarsmenn fyrirtækja eru hvattir til að skrá sig til þátttöku á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is.

Efni ráðstefnunnar

Á ráðstefnunni verður fólk úr íslensku atvinnulífi og fólk frá evrópsku staðla-samtökunum CEN, CENELEC og NORMA-PME. Útlistað verður hvernig staðlar geta auðveldað fyrirtækjum sókn á nýja markaði og bætt hag þeirra í vaxandi samkeppni. Einnig verður fjallað um hvaða kosti fulltrúar

lítilla og meðalstórra fyrirtækja eiga þegar kemur að þátttöku í staðlastarfi og hvernig slík þátttaka getur bætt hag fyrirtækjanna.

Tekið verður fyrir:

- Hvernig staðlar greiða fyrir innleiðingu nýrrar tækni og nýsköpun og tryggja að vörur, íhlutir og þjónusta sem mismunandi fyrirtæki veita séu gagnkvæm og samhæfð.
- Hvernig staðlar nýtast við að opna markaði með því að gera neytendum kleift að bera saman tilboð frá mismunandi birgjum og auðvelda þar af leiðandi litlum og ungum fyrirtækjum að keppa við stærri og rótgrónari fyrirtæki.
- Hvernig staðlar einfalda tilveru fyrirtækja og neytenda og auka jafnframt öryggi þeirra. Staðlar nýtast vel til að bæta afköst, stuðla að bættri heilsu og auknu öryggi neytenda og starfsmanna og gera fyrirtækjum ennfremur auðveldara að fylgja viðeigandi lögum og reglum.

Aðeins upphafið

Mikill meiri hluti íslenskra fyrirtækja eru lítil og meðalstór, með starfsmannafjölda á bilinu 10 – 250. Því eru þessi fyrirtæki í veigamiklu hlutverki í íslenska hagkerfinu. Sama er uppi á teningnum í Evrópu. Þar eru næstum 99% fyrirtækja innan þessara marka og innan þeirra starfa um það bil 66% af heildarvinnuaflinu.

Ofangreind ráðstefna er þáttur í verkefni sem gengur út á að finna leiðir til að efla hag lítilla og meðalstórra fyrirtækja með aukinni notkun staðla innan þeirra og þátttöku í staðlasamstarfi.



Staðlar auðvelda fyrirtækjum að vaxa

ISO 9001 – Lítil og góð



MORGUNRÁÐSTEFNA Á GRAND HÓTEL 7. DESEMBER

Hvernig hagnast fyrirtæki á stöðlum? - Reynslusögur

Skráning á www.stadlar.is

Staðall um úttektir - bls. 2

Áhættustjórnun - bls. 3

Arkitektastofur og ISO 9001 - bls. 4

Staðall um úttektir stjórnunarkerfa

Til að tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé ávallt í takt við þá starfsemi sem fram fer í fyrirtækinu er nauðsynlegt að vakta kerfið og meta reglulega hvort það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þess og virki á tilætlaðan hátt. Vöktunin fer meðal annars fram með úttektum. Staðallinn ISO 19011 *Guidelines for auditing management systems* felur í sér leiðbeiningar um slíkar úttektir.

Almennari leiðbeiningar

Eldri útgáfa ISO 19011 var frá árinu 2002. Nauðsynlegt þótti að breikka umfang úttektar á stjórnunarkerfum með því að gefa út leiðsögn sem væri meira almenns eðlis. Hin nýja útgáfa ISO 19011 tekur mið af þessu og kemur það fram í nýju heiti staðalsins: „Leiðbeiningar um úttektir stjórnunarkerfa“

Tækifæri til að bæta úttektir


Ný útgáfa ISO 19011 nýtist við að gera hvort sem er *innri* eða *ytri* úttektir á hverskonar stjórnunarkerfum og við stjórnun úttektaráætlana. Í því sambandi má nefna úttektir á heildstæðum samþættum stjórn-

unarkerfum. Þannig verður mögulegt að taka til dæmis út sem eina heild umhverfis-, gæða- og öryggisstjórnunarkerfi í fyrirtækjum. Ennfremur bætir hin nýja útgáfa við hugtökum eins og mati á áhættu og tilgreinir skýrar hæfni úttektarteyma og einstakra úttektarmanna. Þá er notkun tækni við „fjarúttektir“ viðurkennd, og heimilt að taka viðtöl í gegnum fjarfundarbúnað og rýna skrár með hjálp upplýsingatækni, skrár sem eru ekki á úttektarstaðnum.

ISO 19011:2011 gefur úttektarmönnum, fyrirtækjum sem eru með stjórnunarkerfi og vottunarstofum gott tækifæri til að endurmeta aðferðir sínar og finna leiðir til að gera betri úttektir.

ISO 19011 hentar fyrirtækjum óháð stærð og starfssviði. Staðallinn nýtist opinberum stofnunum, einkafyrirtækjum og samtökum. Notkun ISO 19011 er ekki bundin við tiltekna geira atvinnulífsins og kemur að gagni við að bæta hvers konar úttektarferli.

Ný útgáfa staðalsins er framfaraspor. Sérstaklega skiptir máli að horfa til þess að staðallinn nýtist við að gera heildstæða úttekt



Sveinn V. Ólafsson,
verkfræðingur.

á stjórnunarkerfi sem uppfyllir grunnkröfur mismunandi stjórnunarkerfa.

Þörfin fyrir slíka samþættingu úttekta vex hratt enda fyrirtæki í vaxandi mæli að tileinka sér fjölbættari stjórnunarkerfi.

Næstu námskeið Staðlaráðs

31. JANÚAR:

ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir-
Lykilatriði, uppbygging og notkun

Námskeið fyrir þá sem vilja læra á ISO 9000
gæðastjórnunarstaðlana.

14. FEBRÚAR:

Stjórnun upplýsingaöryggis
samkvæmt ISO/IEC 27001

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir lykilatriðum staðlanna ISO/IEC 27002 og ISO/IEC 27001 og þekki hvernig þeim er beitt við stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum.

28. FEBRÚAR:

ISO 9000 - Innri úttektir samkvæmt
ISO 19011

Námskeið fyrir þá sem vilja læra að gera innri
gæðaúttektir samkvæmt úttektarstaðlinum ISO 19011
eða þurfa að þekkja framgang gæðaúttekta.

13. OG 14. MARS:

CE merking véla - hvað
þarf að gera og hvernig?

Námskeið fyrir framleiðendur og innflytjendur.



Staðlaráð heldur sérnámskeið fyrir stofnanir og fyrirtæki ef þess er óskað. Nánari upplýsingar í síma 520 7150

Alþjóðlegur staðall um áhættustjórnun

Staðallinn ISO 31000:2009 *Risk Management – Principles and Guidelines* er fyrsti alþjóðlegi staðallinn um áhættustjórnun. Staðlinum er ætlað að vera almennur grunnur og leiðbeiningar fyrir alla áhættustýringu.

Sameiginlegur skilningur og hugtök

Markmiðið með staðlinum er mynda sameiginlegt verklag við áhættustjórnun og samhæfa aðferðarfræði og hugtök. Hann nýtist almennt til stjórnunar áhættu, óháð gerð, staðsetningu og umfangi áhættunnar og getur gagnast fyrirtækjum og stofnunum í mismunandi starfsemi.

Kröfur um áhættustjórnun er að finna víða og því er mikill kostur að einn alþjóðlegur staðall sé nú til um áhættustjórnun, þar sem slíkt auðveldar samskipti og skilning milli landa og mismunandi starfsemi. Mikilvægt er að þeir sem vinna að áhættustjórnun tileinki sér samræmda notkun hugtaka og þar kemur ISO 31000 að gagni.

Áhættustjórnun er kerfisbundin notkun á stjórnunarstefnum, verkferlum og aðferðum við samskipti, ráðgjöf, afmörkun, auðkenningu, greiningu, mat, meðferð, vöktun og rýni áhættu. Áhætta er í staðlinum skilgreind sem „áhrif óvissu á markmið“ og hefur þannig bæði neikvæða og jákvæða eiginleika. Líkt og enska orðið „risk“, hefur orðið „áhætta“ neikvæða merkingu í almennri notkun, en mikilvægt er við áhættustjórnun að huga einnig að jákvæðum þáttum, þ.e. tækifærum. Frekari skilgreiningar á helstu hugtökum er að finna í ISO Guide 73:2009 *Risk management – Vocabulary*.

Meginþættir áhættustjórnunar

Áhættustjórnun eykur virði og verndar verðmæti með því að auka líkur á að markmið tiltekinnar starfsemi náist. Þetta er augljóst þegar stórir atburðir verða, sem hafa afgerandi áhrif á starfsemina og jafnvel kollvarpa starfsgrundvellingnum, t.d. náttúruhamfarir. Sömu lögmál gilda um atburði sem hafa minni afleiðingar og eru tíðari, t.d. vinnuslys. Kostir áhættustjórnunar

eru einnig þeir að auka tiltrú hagsmunaaðila, minnka tap, auka skilvirkni og tryggja betri grunn til ákvörðunartöku.

EFLA verkfræðistofa hefur notað ISO 31000 með margvíslegum hætti í starfsemi sinni síðustu ár. Staðallinn hefur myndað grunn að stjórnunarkerfi fyrir áhættustjórnun verkefna, t.d. fyrir Búðarhálsvirkjun og Nýjan Landspítala sem og í uppbyggingu margs konar öryggiskerfa.

Staðallinn skilgreinir mjög vel ramma áhættustjórnunar og þær einingar sem eru nauðsynlegar til að skapa heildstætt áhættustjórnunarkerfi. Meginþættir eru eftirfarandi:

- *Skuldbinding* (e. Mandate and commitment) stjórnenda til að tryggja samfelldni og stuðning við áhættustjórnun og samhæfingu við aðra þætti stjórnunar og innra skipulags. Áhættustjórnun ætti að vera hluti af stjórnkerfi en ekki aðskilið kerfi.
- *Hönnun skipulags* (e. Design of framework for managing risk) til að halda utan um áhættustjórnun. Slíkt skipulag verður að vera aðlagð að viðkomandi starfsemi og hannað til að tryggja árangursríka innleiðingu. Í því sambandi er mikilvægt að átta sig á innra og ytra samhengi/umfangi (context) kerfisins og skilgreina stefnu um áhættustjórnun. Ábyrgðir og hlutverk þurfa að vera skýr á öllum stigum stjórnunar og sjá þarf til þess að nauðsynleg þekking og upplýsingar liggi fyrir.
- *Innleiðing áhættustjórnunar* (e. Implementing risk management) lýtur sömu lögmálum og innleiðing annarra kerfa. Hér er mikilvægt að eigendur áhættunnar og ábyrgðaraðilar skilji og tileinki sér áhættustjórnunarkerfið og þá áhættuhugsun sem býr að baki. Þetta er m.a. gert með markvissri þjálfun og námskeiðum eftir því sem við á.
- *Eftirlit og endurskoðun kerfisins* (e. Monitoring and review of framework) er nauðsynleg til að tryggja að kerfið sé virkt og í samræmi við markmið þess. Setja



Böðvar Tómasson,
sviðsstjóri bruna- og öryggissviðs hjá
EFLU verkfræðistofu og
áheyrnarfulltrúi Staðlaráðs í tækninefnd
ISO um áhættustjórnun.

þarf mælanleg markmið og endurbæta kerfið þegar frávik koma í ljós.

- *Stöðugar endurbætur kerfisins* (e. Continual improvement) eru nauðsynlegar til að tryggja virkni þess og að það þróist með eðlilegum hætti í samræmi við eftirlit og endurskoðun.

Staðlaröðin

Ásamt stjórnunarstaðlinum ISO 31000 kom út staðallinn ISO/IEC 31010:2009 *Risk management – Risk assessment techniques*, þar sem er að finna aðferðir við áhættumat. Nú er unnið að staðlinum ISO 31004 *Risk management – Guidance for the implementation of ISO 31000*, sem mun auðvelda innleiðingu áhættustjórnunarkerfa.

Eftirfarandi staðlar eru hluti af staðlaröðinni um áhættustjórnun:

ISO 31000:2009 *Risk management - Principles and Guidelines on Implementation*

ISO/IEC 31010:2009 *Risk Management - Risk Assessment Techniques*

ISO Guide 73:2009 *Risk Management - Vocabulary*



- ISO 9001 -

Innleiðing gæðastjórnunarkerfis

Verkkaupar, bæði opinberir og á einkamarkaði, krefjast þess nú í auknum mæli í útboðum að þeir sem komi að framkvæmdum, hvort sem um er að ræða verktaka, hönnuði eða aðra ráðgjafa, leggi fram gögn til staðfestingar á gæðastjórnunarkerfi. Í mannvirkjalögum og í nýrri byggingarreglugerð er auk þess kveðið á um að innan fárra ára verði öllum fyrirtækjum sem koma að byggingariðnaði skylt að hafa vottað gæðastjórnunarkerfi.

Tryggir skilvirkni og gæði

Gæðastjórnun á arkitektastofu felur í sér að gera verkferla og stjórnun sýnilega og gera þannig starfsmönnum fyrirtækisins, sem vinna við hönnun og rekstur, kleift að skila jafngóðu verki í samræmi við það sem krafist er af verkkaupa. Auk þess verður rekstur verka skilvirkari. Þegar verkkaupi ræður arkitektastofu með vottað gæðastjórnunarkerfi fær hann um leið ákveðna tryggingu fyrir gæðum því vottað gæðastjórnunarkerfi er undir stöðugum eftirliti viðurkenndrar vottunarstofu, sem framkvæmir viðhaldsvottanir á 6 mánaða fresti.

Hagræði af samvinnu

Örfáar arkitektastofur hafa vottað gæða-

stjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001. Skýringin kann að vera sú að mikil vinna, tími og kostnaður fer í að innleiða slíkt kerfi og fá vottað. Arkitektastofur á Íslandi teljast flestar meðalstór eða lítil fyrirtæki með litla yfirbyggingu þar sem ekki er mannaflí eða þekking til að taka svo stórt skref sem vottun felur í sér.

Þegar Yrki arkitektar tóku ákvörðun árið 2005 um að innleiða og fá vottað gæðakerfið komu fljótt upp hugmyndir um að fá ráðgjöf við verkið þar sem þessi hugmyndafræði var starfsmönnum nokkuð framandi. Leitað var til 7.is þar sem veitt er sérhæfð ráðgjöf á sviði gæðastjórnunar og ennfremur ákveðið að taka höndum saman við Arkitektastofuna Glámu Kím svo deila mætti kostnaði við ráðgjöfina. Með samvinnu lærðu stofurnar einnig hvor af annarri um þá vinnuferla sem þegar voru til staðar.

Kostnaður vegna vottaðs gæðastjórnunarkerfis fyrir lítil og meðalstór arkitektafyrirtæki má ætla að geti numið 1,5 – 2,5 prósentum af veltu á ári, fyrstu árin eftir innleiðingu en fari síðan lækkandi. Skipta má slíkum kostnaði í þrjá þætti: kostnað við ráðgjöf, kostnað við vinnu starfsmanna arkitektastofunnar og gjöld til vottunarstofu fyrir vottun og viðhaldsvottun. Hagræði af



Sólveig Berg,
arkitekt FAÍ / gæðastjóri Yrki arkitekta.

vottuðu gæðastjórnunarkerfi er hins vegar mikið, sérstaklega þegar búið er að sníða af vankanta og ferlið verður eðlilegur hluti af starfseminni.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú hugsar um dýrin.

Staðallinn ISO 26000 *Guidance on social responsibility* inniheldur meðal annars ákvæði um velferð dýra. Staðallinn er væntanlegur á íslensku.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.